

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 21. desember 2006 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Ólaf Ólafsson, stjórnarmann í Alfesca hf., vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 63. gr. vvl. með því að tilkynna ekki um víðskipti fjárhagslega tengds aðila innan tilskilinna tímamarka. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans.

Var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að vísa málinu til refsimeðferðar hjá ríkislögreglustjóra, skv. 75. gr. vvl., heldur væri það þess eðlis að rétt væri að ljúka því með stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir Fjármálaeftirlitsins í 74. gr. vvl. Með hliðsjón af atvikum málsins þótti hæfileg sekt vera kr. 200.000.